

95. fundur stjórnar Fræðslunets Suðurlands, haldinn á Hvolsvelli 2. desember 2011, kl. 17.15.

Mætt: Gunnar Bragi Þorsteinsson, Magðalena Jónsdóttir, Þór Hreinsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson og Gylfi Þorkelsson, sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Ásmundur Sverrir Pálsson, framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

1. Húsnæðismál

Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir málið. Þeir funduðu með framkvæmdastjóra Sv.f.Árborgar fyrir hálfum mánuði. Sveitarfélagið hefur ekki lagt fram umbeðnar tölur um leiguverð og aðra nauðsynlegar upplýsingar. Framkvæmdastjóri FnS. Hefur verið boðaður á fund með sveitarfélaginu nk. fimmtudag. Óvissan er því enn mikil og alveg ljóst að ekki verður flutt inn í Sandvíkurskóla um áramót.

2. Tækjakaup FnS 2011

Kaup á tækjum hafa verið meiri en áætlað var. Keyptar hafa verið 15 tölur í starfsstöðina á Hvolsvelli, enda mikil ásókn í tölvunámskeið og biðlisti fyrir hendi.

3. Námskeiðahald á Hvolsvelli

Starfið hefur farið vel af stað. Notkun kennslustofunnar hefur verið miklu meiri en gert var ráð fyrir og því er húsaleiga vegna hennar hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Samið var um leigugreiðslur í samræmi við notkun.

4. Skipulagsskrá FnS

Samþykktar breytingar á skipulagsskrá Fræðslunetsins eru komnar til vinnslu hjá JP lögmonnum.

5. Nýheimar á Höfn

Ekki verður af sameiningu stofnana, Nýheima og Fræðslunetsins, um áramót, eins og jafnvel hafði verið gert ráð fyrir. Ákveðið hefur þó verið að af þessu verði á næsta ári. Stjórn bíður eftir næstu skrefum og er sem fyrr reiðubúin til samningaviðræðna um málið.

6. Samningur við mennta- og menningarmálaráðuneytið

Framkvæmdastjóri hyggst skrifa undir samninginn nk. mánudag og senda hann til ráðuneytisins til undirritunar. Stjórn samþykkir samninginn eins og hann nú liggur fyrir og heimilar framkvæmdastjóra að undirrita hann fyrir sína hönd.

7. Námsvísir vorannar og námskeið á vorönn

Undirbúningur vorannar hefur staðið yfir undanfarnar vikur. Verkefnisstjóri vinnur að gerð námsvísis eins og undanfarin ár. Sótt hefur verið um styrki til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins fyrir námsleiðum hennar árið 2012 sem nemur tæplega 29 milljónum. Útlitið varðandi námskeiðahald á komandi ári er gott.

8. Samningar við FA

Raunfærnimat fyrir skrifstofufólk stendur fyrir dyrum á næsta ári. Einnig stendur til raunfærnimat fyrir starfsmenn í málmiðnaði. Fyrir dyrum er að gera samninga við FA um allar námsleiðirnar eins og fram hefur komið, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimatið. Fjórtíu samningarnir verða við þróunarsjóð og umsókn um þær fjárveitingar þarf að leggja fram í síðasta lagi 9. desember nk.

9. Önnur mál

Framkv.stjórar fræðslumiðstöðvanna voru á fundi með FA nýverið og fyrir liggur að framundan er mikil gróska og mörg fyrirliggjandi verkefni munu hellast yfir á næstunni. Fræðslumiðstöðvarnar eiga von á gríðarlegum auknum verkefnum.